

Myndbandið “Án bænda væri Ísland tóm”

Vísbendingar og ítarefni

Markmiðið er að miðla eftirfarandi þáttum:

- byggð á Íslandi er ólík flestum öðrum Evrópulöndum
- mjög langt á milli þéttbýla: bóndabæir = eiginlega byggðin
- bændur sem undirstaða landsbyggðarinnar, án þeirra væri landið tóm
- bóndabæir sem öryggisnet, sem má ekki verða götött
- því er ekki sama hvort bóndi býr á næsta bæ eða t.d. stærðfræðingur eða heimspekingur
- neytendur, þ.e. nemendur og foreldrar þeirra ráða framtíð íslenskra bænda – og þar með samfélagsins sem heild

Fáir gera sér grein fyrir því að byggðin á Íslandi er ólík flestum öðrum Evrópulöndum. Í öðrum löndum samanstendur byggðin úr misstórum þéttbýlum og bændur þar hafa einnig alltaf búið í þéttbýli – óvinir, rándýr og í seinni tíð plássleysi voru ástæður þess. Á Íslandi mynduðust þéttbýli hins vegar mjög seint. Svo voru nærri allir Íslendingar bændur eða vinnufólk hjá bændum. Í margar aldir voru eingöngu bóndabæir til, dreifðir um landið allt þar sem það var byggilegt. Það hefur áhrif á nútímann, þótt ekki nema 7 til 8% Íslendinga búi í dreifbýli í dag. Þeir – að langmestu leyti bændur – mynda byggðina.

Samvinna og gagnstæð hjálp er undirstaða bændasamfélagsins, öryggisnetið. Þegar þetta net verður götött þar sem bændur hætta, eru áhrifin alvarleg og vinda upp á sér. Þá er stutt í að heil byggð fer í eyði, heil svæði tæmast, eins og dæmið Inn-Djúpið sýnir. Ef slík þróun ætti sér stað víðar, tæmdist Ísland og eingöngu þéttbýli stæðu eftir.

Neytendur, ekki síst nemendur og foreldrar þeirra, geta snúið þessari þróun við, ef þeir kaupa mat úr íslensku hráefni. Yfir 95% íslenskra bænda eru sauðfjár- og/eða kúabændur – það eru þeir sem eru undirstaða byggðarinnar. Þess vegna skiptir öllu máli að íslenska samfélagið styður þessa bændur – með því að nota hausinn þegar það verslar í matinn.

Meira um þennan stuðningsvalkost finnst í myndbandinu “Að velja íslenskt? Ekkert mál – ef þú ert vel læs”, þar sem málið er ekki alltaf einfalt. Við mælum einnig eindregið með því að horfa einnig á myndbandið “Of dýrt?” til að skilja betur hverjir ráða verði matvæla í búðinni (ekki bændur).

Meira um efnið:

- Ritgerð og heimildarmynd “Inndjúpið” (2015): Röð heimildarþátta um þá sem enn stunda hefðbundinn búskap við innanvert Ísafjarðardjúp. Þar hefur verið blómleg byggð frá landnámi, en íbúum hefur fækkað hratt undanfarna áratugi. Hér eru að verða kaflaskipti í sögunni. Þáttagerðarfólkið fylgdi þeim sumar jafnt sem vetur, í bústörfum og félagslífi.
hdl.handle.net/1946/20902 (ritgerðin)
ruv.is/sjonvarp/spila/inndjupid/13252/3uc621 (fyrstu tveir þættirnir af fjórum)
- RÚV-þáttur “Fimmtán ára með dálæti á sauðfjárrækt” (2022): Helgi Marinó frá Hólmavík, 15 ára, varði frá 2020 til 2025 flestum helgum og sumrum við bústörf í Svansvík í Ísafjarðardjúpi – einum af þremur bæjum við Inndjúpið sem eru enn í byggð. Jóhanna Kristjánsdóttir, bóndinn, er annars ein á búinu.
ruv.is/frettir/innlent/2022-04-30-fimmtan-ara-med-dalaeti-a-saudfjarraekt

Tillögur að spurningum eftir að hafa horft á myndbandið:

- Búa íslenskir bændur í þéttbýli eða í dreifbýli?
- Hvernig er það í flestum öðrum Evrópulöndum?
- Af hverju var það betra fyrir aðrar þjóðir að þjappast saman í þéttbýlum?
- Af hverju var og er það betra fyrir íslenska bændur að þjappast ekki saman í þorpum?
- Hvað gerist ef það eru 10 bændur í dalnum, en 7 af þeim hætta og flytja í burtu?
Hvernig er þá staðan fyrir bændurna 3 sem eftir eru?
- Er alveg sama hver býr á næsta bæ? Hvað gerist ef á bæjunum 7 eiga heima
lögfræðingur, heimspekingur, félagsráðgjafi, endurskoðandi, stærðfræðingur,
hárgreiðslumaður og tryggingarfulltrúi?
- Getur þú gert eitthvað í þessum málum?

**Ert þú með athugasemdir eða spurningar til okkar? Hafðu samband:
forvitni@forvitni.net**